

7. bekkur

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru **grunnþættir menntunar** eftirfarandi:

- læsi
- sjálfbærni
- heilbrigði og velferð
- lýðræði og mannréttindi
- jafnrétti
- sköpun

Leitast er við að tengja grunnþætti menntunar inn í nám og kennslu á sem fjölbreyttastan hátt. Hægt er að nálgast upplýsingar um hvern þátt fyrir sig á heimasíðu Lindaskóla:

<http://lindaskoli.is/grunthaettir-menntunar/>

Rík áhersla er lögð á **lykilhæfni** og er hún hluti af náminu. Nemendur þurfa því að huga að lykilhæfni í öllum námsgreinum. Það sem er metið eru vinnubrögð, virkni í hópastarfi, frumkvæði o.s.frv. Í aðalnámskrá grunnskóla er lykilhæfni skipt í fimm hluta:

- Tjáning og miðlun
- Skapandi og gagnrýnin hugsun
- Sjálfstæði og samvinna
- Nýting miðla og upplýsinga
- Ábyrgð og mat á eigin námi

Íslenska

Tímafjöldi á viku: 7 kennslustundir (þar af einn tími í lestur)

Kennari: Sigrún Gróa Jónsdóttir

Námsefni

Málrækt 3; Guðmundur B. Kristmundsson, Rósa Björk Þorbjarnardóttir og Þóra Kristinsdóttir, Þriðji Smellur; Ása Marin Hafsteinsdóttir og Kristjana Friðbjörnsdóttir, Orðspor 3 lesbók og vinnubók; Ása Marin Hafsteinsdóttir og Kristjana Friðbjörnsdóttir, Töfraskinna; Emil Hjörvar Petersen og Harpa Jónsdóttir, Blokkinn á heimsenda; Arndís Þórarinsdóttir og Hulda Sigrún Bjarnadóttir, Svaðilför í berjamó; Sigrún Eldjárn og verkefni bæði ljósrituð og af netinu.

Kennsluaðferðir

Hæfniviðmið Aðalnámskrár eru höfð að leiðarljósi. Sem dæmi þá tvinnast stafsetning og málfræði inn í ritaðan texta nemenda. Í mörgum verkefnum, bæði í íslensku og í öðrum námsgreinum, skipar ritun stóran sess. Í ritun vinna nemendur valin verkefni t.d. lýsingar, úrdrætti og sögur. Nemendur vinna skrifleg verkefni í stafsetningu eftir upplestri sem og í vinnubókum.

Við leggjum mikla áherslu á yndislestur, bæði heima og í skóla, sem og á lesskilning.

Í framsögn æfa nemendur sig að koma fram fyrir framan þekkingu. Þeir lesa texta, segja frá atburðum, flytja ljóð og margt fleira. Nemendur fá leiðsögn hvernig á að bera sig að í pontu t.d. varðandi líkamsstöðu, raddbeitingu og réttar áherslur. Nemendur taka þá í Stóru upplestrarkeppninni.

Nemendur læra helstu málfræðireglur og vinna verkefni tengd þeim.

Spjaldtölvan er stór hluti af allri kennslu og er nýtt á fjölbreyttan hátt.

Áætlun

Efnisþættir	Námsviðmið. Nemandinn:
Talað mál, hlustun og áhorf Framsögn, upplestur, flutningur, hlustun, skýr framsetning, leiklestur, bekkjarsfundir	<ul style="list-style-type: none">þjálfist í að tjá sig skýrt og áheyrilega frammi fyrir bekkjarfélögum sínum og stærri hópum, reyni að komast að sameiginlegri niðurstöðu ef einhver vandamál koma upp og geti rökstutt hana

Lestur og bókmenntir

Yndislestur, víxllestur, lesskilningsverkefni, lestrarbækur, goðafræði, ljóð, ljóðagerð, orðabókaleit og notkun miðla

Ritun

Sögugerð (upphaf, miðja, endir) og úrdrættir.

Helstu stafsetningarreglur (stafrófsröð, sérhljóðar og samhljóðar, stór stafur og lítill stafur, reglan um ng og nk, n-nn í endingu orða, einfaldur og tvöfaldur samhljóði, y-ý orð, hv- eða kv-, samsett orð).

Skrift

Málfræði

Nafnorð (sérnöfn, samnöfn, kyn, tala, fallbeyging, greinir og stofn, samsett orð)

- þjálfist í að flytja undirbúnar eigin frásagnir, verkefni og lýsa ýmsum hlutum eða athöfnum úr nánasta umhverfi
- þjálfist í að tjá skoðanir sínar fyrir framan bekkinn
- þjálfist í að hlusta á upplestur og skoðanir bekkjarfélaga
- öðlist góðan lesskilning, náí upp góðum lestrarhraða og lesi af öryggi
- geti lesið áheyrilega og með tilfinningu fyrir efninu,
- geti lesið ólík fyrirmæli og farið eftir þeim
- þjálfist í að beita nákvæmnislestri og leitarlestri og geti greint aðalatriði frá aukaatriðum
- æfist í að velja sér bækur af bókasafni
- þekki til nokkurra íslenskra rithöfunda sem skrifað hafa bækur fyrir börn og unglina
- þekki hugtökin persóna, söguhetja, söguþráður og sögulok
- kynnist ljóðum eftir íslenska höfunda frá ýmsum tímum
- þekki hugtökin rím, ljóðstafi, líkingar og persónugervingar
- skrifi skýrt og greinilega og vandi allan frágang
- þjálfist í að skrifa stuttan texta eftir ákveðnum fyrirmælum
- þekki hugtökin, upphaf, miðja og endir í frásögnum og geti nýtt sér þau í eigin skrifum
- þjálfist í staðreyndaritun, t.d. geri úrdrætti
- læri stafsetningarreglur og get nýtt sér þær við ritun
- geti skrifað upp réttan texta eftir bók og upplestri
- þekki nafnorð (sérnöfn, samnöfn, kyn og tölu) og geti fallbeygt þau
- þekki lýsingarorð, föll þeirra og fallbeygingu og geti stigbreytt þau

Lýsingarorð (fallbeyging, stigbreyting)	<ul style="list-style-type: none">• þekki sagnorð, hjálparorðið að, nafnhátt sagna, nútíð þeirra og þátíð• þekki samheiti og andheiti• þekki málshætti og föst orðasambönd í mæltu og rituðu máli á réttan hátt
Sagnorð (nafnháttur, nútíð, þátíð)	
Samheiti, andheiti	
Málshættir og orðatiltök	

Námsmat

Hæfniviðmið metin út frá verkefnavinnu og könnunum. Lesfimiþróf (hraðlestur) þrisvar á vetri, Aston Index stafsetningapróf að hausti og Orðarún lesskilningsþróf tvisvar á vetri.

Stærðfræði

Tímafjöldi á viku: 5 stundir á viku

Kennari: Kristgerður Garðarsdóttir

Námsefni

Stíka 3a og 3b nemendabók og æfingabók; *Björnar Alseth, Gunnar Nordberg og Mona Rösseland*

Kennsluaðferðir

Nemendur vinna eftir vikuáætlun sem lögð er fyrir í hverri viku. Klárast ekki vikuáætlun í skólanum ljúka nemendur við hana heima. Spjaldtölvan notuð samhliða öðrum námsgögnum, t.d. ýmis forrit, rasmus.is og aðrir stærðfræðivefir. Æfingabækur sem fylgja grunnbók eru notaðar af og til sem heimanám. Hver nemandi vinnur á sínum hraða. Samvinna og einstaklingsvinna.

Áætlun

Efnisþættir	Námsviðmið. Nemandinn:
Tölur Tölfræði og líkur Margföldun og deiling Rúmfræði Mælingar Almenn brot og prósent Reikningur Mynstur og algebra	<ul style="list-style-type: none">Þjálfist í að nota tungumál stærðfræðinnar á fjölbreyttan háttÖðlist skilning, kunnáttu og færni í stærðfræðinni sem nýtist þeim í daglegu lífiGeti unnið með ýmsar reikniaðgerðir sem nýtist þeim við ólík verkefniskráð hlutföll og brot á ólíka vegu og skilja sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósentu,geti leyst stærðfræðiþrautir og útskýrt lausnarleiðir fyrir öðrumTileinki sér sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð og sýni alla nauðsynlega útreikninga sem notaðir eru við lausn verkefna,notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir og notað reglur algebrunnar við reikning.

Námsmat

Kaflakannanir og lokapróf á vorönn.

Enska

Tímafjöldi á viku: 3 kennslustundir

Kennari: Kristgerður Garðarsdóttir og Sigrún Gróa Jónsdóttir

Námsefni

Yes We Can 7; *Ástríður Einarsdóttir þýddi*. Enskar málfræðiæfingar C; *Barbro Carlsson og Lena Sjöholm*.

Ýmis aukaverkefni, léttlestrarbækur á ensku.

Kennsluaðferðir

Lestur, hlustun, ritun og tjáning. Nemendur glósa orð og málfræðiatríði úr köflum og læra óreglulegar sagnir. Einnig vinna nemendur í verkefnabók tengdri lesbókinni. Mikið unnið með tjáningu og framkomu. Notkun spjaldtölva, t.d. orðabók (snara.is), ýmis forrit og ritunarverkefni.

Áætlun

Efnispættir	Námsviðmið Nemandinn:
Lesið og talað mál, málfræði, orðaforði, hlustun og skilningur.	<ul style="list-style-type: none">þjálfist í að vinna markvisst með orðaforðaskilji ensku talaða á eðlilegum hraða í viðfangsefnum sem unnið er meðgeti lesið og skilið mismunandi texta, s.s. einfaldar smásögur/skáldsögur, fræðsluefni, upplýsingatexta o.fl.sé fær um að beita markvisst þeim orðaforða sem hann hefur unnið með bæði skriflega og munnlegaþjálfist og læri fleiri málfræðiatríðiþjálfist í að skrifa mismunandi texta.

Námsmat

Hæfniviðmið metin út frá verkefnavinnu og vinnu í tímum.

Danska

Tímafjöldi á viku: 3 tímar

Kennari: Kristgerður Garðarsdóttir og Sigrún Gróa Jónsdóttir

Námsefni

Fyrir áramót er Start lesbók og vinnubók, höfundar Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og Erna Jessen. Eftir áramót er Smart lesbók og vinnubók, höfundar Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og Erna Jessen.

Kennsluaðferðir

Nemendur hlusta á danskt mál og vinna skriflegar æfingar tengdar því. Nemendur þjálfist í dönsku rit- og talmáli með fjölbreyttum verkefnum t.d. í gegnum leik. Nemendur hlusti á tónlist með dönskum flytjendum og horfi á danskar kvikmyndir og stuttmyndir með dönskum texta.

Áætlun

Efnisþættir	Námsviðmið Nemandinn:
Hver er ég	<ul style="list-style-type: none">• geti lesið og skilið stutta texta með grunnorðaforða daglegs lífs• geti fundið afmarkaðar upplýsingar í texta og í tengslum við verkefnavinnu• geti skilið einfalt mál er varðar hann og hans umhverfi.• geti fylgt meginþræði í einföldum frásögnum t.d. með stuðningi af myndum og nýtt sér í tengslum við verkefnavinnu• geti fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og tónlist• geti spurt og svarað á einfaldan hátt• geti skipst á upplýsingum við samnemendur og kennara á einfaldan hátt
Hvaðan kem ég	
Líkaminn	
Fatnaður og litir	
Dagarnir	
Fjölskyldan	
Jól	
Árstíðirnar	
Klukkan	
Heimilið	
Afmæli	
Dýr og heimurinn þeirra	
Tölurnar	
Matur og matarvenjur	

<p>Skólaumhverfið</p> <p>Tilfinningar og áhugamál</p>	<ul style="list-style-type: none">• geti tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar• geti sagt frá sjálfum sér og nánasta umhverfi á einfaldan hátt• þjálfist í að skrifa einfaldar setningar• geti sýnt fram á að hann þekki til landfræðilegrar legu og þekktra staða• geti sýnt fram á að hann þekki til söguhetja barnabóka, leikja söngva og ævintýra• geti sýnt fram á að hann átti sig á því að mörg algeng orð í dönsku eru lík og skyld íslenskum orðum• geti beitt einföldum námsaðferðum, t.d. nýtt sér titil á texta eða myndir sem fylgja til að auka skilning• geti tekið þátt í hópstarfi og paravinnu• geti nýtt sér einfaldar orðabækur og veforðasöfn
---	--

Námsmat

Verkefni metin, lesskilningur og orðaforði og hlustun metin. Virkni og vinnusemi nemenda yfir veturinn metin.

Samfélagsfræði

Tímafjöldi á viku: 5 kennslustundir (4 samfélagsfræðitímar og 1 lífsleiknitími)

Kennarar: Sigrún Gróa Jónsdóttir

Námsefni

Ýmis samþætt verkefni. Helstu trúarbrögð heims; *Námsgagnastofnun ýmsir höfundar*, *Ég og sjálfsmýndin*; *Garðar Gíslason*. Ýmsar upplýsingar af netinu notaðar í einstaklings- og hópavinnu.

Kennsluaðferðir

Evrópa: Farið verður saman yfir viðfangsefni í skólanum með fjölbreyttum verkefnum. Verkefni verða skrifleg og einnig verkleg hópavinna þar sem efninu verður gerð nánari skil. Nemendur munu vinna saman ferðabæklinga en samþætting verður einnig við aðrar námsgreinar eins og t.d. íslensku og upplýsingatækni.

Trúarbrögð: Farið verður yfir helstu trúarbrögð heims. Verkefni verða með ýmsum hætti.

Lífsleikni: Unnið er með bókina *Ég og sjálfsmýndin*, bekkjarfundir og námstækni sem Þórhalla námsráðgjafi sér um. Einnig verður stuðst við verkefnabókina „Geðrækt og vellíðan nemenda“.

Áætlun

Efnispættir	Námsviðmið Nemandinn:
Landfræði: Evrópa	<ul style="list-style-type: none">þekki til valinna þátta úr sögu landa og landsvæða sem Íslendingar hafa átt samskipti viðþekki völd lönd í Evrópu t.d. sérkenni þeirra og menninguaflí sér upplýsinga um lönd í Evrópu eða landsvæði eftir mismunandi leiðum t.d. með bókum, af Netinu og með viðtölum

<p>Helstu trúarbrögð heims</p> <p>Lífsleikni</p>	<ul style="list-style-type: none">• þekki á Evrópukorti nöfn og legu ríkja í Evrópu auk stærstu áa, vatna, hafa og fjallgarða• geti áttað sig á því að loftslags- og gróðurbelti jarðar hafi áhrif á lífnaðarhætti fólks• temji sér umburðarlyndi og virðingu fyrir rétti manna til mismunandi trúar- og lífsskoðana• fræðist um kristna trú• fræðist um uppruna og sögu Búdda og Hindúa• fræðist um uppruna og sögu Íslam og Gyðingdóms• kynnist hvað mismunandi trúarbrögð eiga sameiginlegt• beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum• kynnist námstækni• fái þjálfun í að tjá hugsanir sínar og skoðanir frammi fyrir bekknum• læri að bera virðingu fyrir sér og öðrum• geri sér grein fyrir að líkamleg og andleg vellíðan byggir á heilbrigðum lífsvenjum og hollum neysluvenjum
--	--

Námsmat

Verkefni metin út frá hæfniviðmiðum.

Náttúrufræði

Tímafjöldi á viku: 3 kennslustundir

Kennarar: Kristgerður Garðarsdóttir og Ásta Björk Agnarsdóttir

Námsefni

Náttúrulega 2; Halldóra Lind Guðlaugsdóttir, Telma Ýr Birgisdóttir og Ragnheiður Alma Snæbjörnsdóttir. Náttúrulega 3; Halldóra Lind Guðlaugsdóttir og Ragnheiður Alma Snæbjörnsdóttir.

Kennsluaðferðir

Náttúrulega 2 og 3: Nemendur lesa kaflana og vinna verkefni þeim tengdum. Áhersla verður á einstaklings- og samvinnu nemenda með ýmis verkefni. Nemendur vinna einnig verklega vinnu í tengslum við efnið bæði inni og úti. Gerðar verða litlar einfaldar athuganir í tímum til að dýpka skilning nemenda. Einnig er horft á stutta fræðsluþætti í tengslum við efnið.

Áætlun

Efnisþættir	Námsviðmið Nemandinn:
Dýrafræði, hryggleysingjar og hryggdýr	<ul style="list-style-type: none">geri sér grein fyrir skiptingu dýraríkisins í hryggdýr og hryggleysingjalýst einkennum dýra, stöðu þeirra í náttúrunni, tengsl þeirra innbyrðis og við umhverfi sittútskýrt hvernig aðlögun lífvera að umhverfinu geri þær hæfari til að lifa af og fjölga sérþekki helstu einkenni hvegg dýrafylkingar og geti notað ákveðin greiningaratriði til að bera kennsl á dýrnýti víðsjár til að skoða smádýr og geri sér þannig betur grein fyrir smáatriðum í gerð þeirra

<p>Plöntur</p>	<ul style="list-style-type: none"> • skipuleggi vinnu þar sem þeir afla heimilda, skrái, vinni úr og miðli samantekt til annarra • geti lesið og skrifað hugtök um plöntur, • geti framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni • lýst dæmum af áhrifum af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð og á Íslandi sagt frá hugsanlegri þróun í framtíði • lýst samspili lífvera og lífvana þátta og tengt það hugmyndum manna um uppruna og þróun lífs á jörðu, • lýst einkennum plantna og dýra, stöðu þeirra í náttúrunni, tengslum þeirra innbyrðis og við umhverfi sitt
<p>Líkaminn</p>	<ul style="list-style-type: none"> • lýst reynslu sinni, athugun og upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi • gert grein fyrir eigin lífssýn og skilningi á samspili náttúrunnar, mannsins og heilbrigði eigin líkama • lýst helstu líffærakerfum mannlíkamans og starfsemi þeirra í grófum dráttum • bent á algeng efni á heimilum og í samfélaginu, notkun þeirra og áhrif á heilsu manna og umhverfi • lýst bylgjuhreyfingum og rætt nýtingu hljóðs og ljóss í tækni og atvinnulífi • útskýrt tengsl heilbrigðis og þess sem borðað er • gert grein fyrir næringargildi ólíkrar fæðu og hvers konar fæða er framleidd á Íslandi.
<p>Kynfræðsla</p>	<ul style="list-style-type: none"> • geri sér grein fyrir hvernig gjörðir og val í lífinu hefur áhrif á líkamann og um leið lífsgæði almennt • lýst breytingum sem verða við kynþroskaaldur og gert sér grein fyrir mikilvægi gagnkvæmrar virðingar í samskiptum kynjanna • geri sér grein fyrir mikilvægi ábyrgðar kynhegðunar

Einföld efnafræði, kraftar, massi, varmi, orka og rafmagn.

- fræðist um skaðsemi vímuefna og kjósi að lifa vímuefnalaus lífi
- útskýrt áhrif tækni og áhrifa á líf fólks
- lesið og skrifað hugtök í náttúruvísindum
- framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni
- kannað áreiðanleika heimilda með því að nota bækur, Netið og aðrar upplýsingaveitur
- lýst samspili lífvera og lífvana þátta og tengt það hugmyndum manna um uppruna og þróun lífs á jörðu

Námsmat

Verkefni/kannanir metin út frá hæfniviðmiðum.

Íþróttir og sund

Tímafjöldi á viku: 3 stundir

Kennarar: Lilja Íris Gunnarsdóttir og Haukur Már Ólafsson.

Námsefni

Kennsluaðferðir

Íþróttá- og sundkennslan byggist á að efla líkams- og félagsþroska barna. Hreyfipörf barna er mikil og í íþróttá- og sundtímum fá þau útrás fyrir hreyfipörfinni, tjáningu og sköpun. Eitt aðalmarkmið í íþróttá- og sundkennslu er að auka þol, kraft, snerpu og liðleika og verður það gert með almennri hreyfipjálfun með áherslu á leiki, stöðvapjálfun, hringpjálfun og hreyfitjáningu með dansi. Taka þátt í knattleikjum og kynnast helstu reglum. Aukin áhersla á þol- og styrktaræfingar. Hreinlæti er nauðsynlegur þáttur í íþróttum þar sem farið er yfir mikilvægi þess. Mikilvægt er að allir fari í sturtu eftir hvern tíma.

Áætlun

Efnispættir	Námsviðmið Nemandinn:
Íþróttir: Barnaleikir Grunnpjálfun Fimleikar Frjálsíþróttir Knattleikir Badminton Dans Útikennsla	<ul style="list-style-type: none">efli líkams- og félagsþroska.auki þol, kraft, snerpu og liðleika.efli tjáningu og sköpun.haldi við grunntækni.auka hugmyndaflæði og notkunargildi spjaldröðvunnar til að efla líkamshreysti.
Sund: flot á kvið og baki, rennsli á kvið og baki öndunar- og taktæfingar bringusund, skólabaksund,	<ul style="list-style-type: none">geti synt 50 metra skólabaksund

skriðsund, baksund og flugsundsfótatök marvaði, köfun og björgunarsund stunga frá bakka og kafsund	<ul style="list-style-type: none">• geti synt 8 metra kafsund• geti synt 300 metra bringusund innan 10 mínútna• geti synt 15 metra björgunarsund með jafningja• geti annað hvort synt a) 50 metra bringusund innan 70 sekúndna eða b) 25 metra skriðsund innan 32 sekúndna
--	---

Námsmat

Íþróttir: Námsmat í færni: liðleiki , kraftur (langstökk án atrenu), hraði (20 m sprettur), samhæfing (sippa í 1 mín) og þol (píptest).

Sund: Námsmat í færni: Tímatökur og tækni.

Námsmat í íþróttum og sundi byggist á símati kennara allan veturinn: hegðun, virkni, íþróttaföt , mæting. Unnið er eftir hæfniviðmiðum aðalnámskráar og gefin er sér lokaeinkunn í íþróttum og sundi í bókstöfum að vori.

Upplýsingatækni

Tímafjöldi á viku: Nemendur nota sitt námstæki/spjaldtölvu í námi, almennri verkefnavinnu og upplýsingaöflun.

Kennari: Sigrún Gróa Jónsdóttir

Námsefni

Google Sites, fingrasetning, myndvinnsluforrit, frjáls hugbúnaður, öpp, netið og fleiri forrit sem henta námi nemanda hverju sinni.

Kennsluaðferðir

Sýnikennsla, verklegar æfingar, sjálfstæð vinnubrögð og samvinna. Nemendur læra að nota mismunandi forrit og skila niðurstöðum með miðlum upplýsingatækninnar. Nemendur læra að nýta hugbúnað við forritun og miðlun þekkingar á fjölbreyttan og skapandi hátt, sem eykur rökhugsun, sköpun og skilning á hvernig hugsun er spegluð yfir á tæknina. Nemendur eru virkir þátttakendur í vali verkefna þar sem reynir á nýsköpun og hugmyndaflug.

Áætlun

Efnisþættir	Námsviðmið Nemandinn:
Vinnulag og vinnubrögð Upplýsingaöflun og úrvinnsla Tækni og búnaður Sköpun og miðlun Siðferði og öryggismál	<ul style="list-style-type: none">• geti nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju, s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms• geti nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag• sýni frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn• geri sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tæknibúnaði• beiti undirstöðuatriðum í fingrasetningum.• geti leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu• nýti rafrænt og gagnvirkt námsefni

	<ul style="list-style-type: none"> • geti unnið með heimildir • nýti upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna • noti hugbúnað/forrit við framsetningu á einföldum tölulegum gögnum • geti notað hugbúnað/forrit við einföld ritunarverkefni og framsetningu tölulegra gagna • geti notað einfaldan hugbúnað/ forrit við myndvinnslu • nýti hugbúnað við einfalda vefsmíð • geti lýst á einfaldan hátt eigið upplýsinga- og miðlalæsi • noti hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt • sýni ábyrgð í meðferð upplýsinga • geti farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra tekur ábyrgð á eigin samskiptum og gögnum á Neti- og netmiðlum
--	--

Námsmat

Í upplýsinga- og tæknimennt er lögð áhersla á þverfaglega samvinnu við önnur námssvið. Þegar um samþætt nám er að ræða er mikilvægt að allir, sem koma að kennslunni, sinni námsmati en umsjónar- eða faggreinakennari tekur þó meginábyrgð á því.

Námsmat er alhliða og nær til allra færniþátta, endurspeglar hæfniviðmið og viðfangsefni. Metin er hæfni nemandans til að afla upplýsinga, ígrundunar, sjálfstæðis í vinnubrögðum og ábyrgðar á eigin námsframvindu. Nemandi fær leiðsögn alls þess fagfólks, sem að kennslunni kemur. Þeir sem að kennslu hans koma gefa umsögn um stöðu nemandans við að ná markmiðum sínum innan námsgreinarinnar og hæfni á sviði upplýsinga- og tæknimenntar.

Textílmennt

Tímafjöldi á viku: 2 kennslustundir á viku ½ veturinn

Kennari: Hanna Rut Heimisdóttir

Námsefni

Stuðst er við efni frá kennara ásamt ítarefni af veraldarvefnum. Einnig verður stuðst við verkefni af vef Menntamálastofnunar - Textílmennt námsvefur. Að auki verða hin ýmsu hannyrða- og textílblöð nýtt eftir hentugleika.

Kennsluaðferðir

Í textílmennt er leitast við að notast við fjölbreyttar kennsluaðferðir. Dæmi um kennsluaðferðir eru;

- verkleg kennsla þar sem nemandi fær þjálfun í fjölbreyttum vinnubrögðum og eflingu í leikni.
- þrautalausnir þar sem áhersla er lögð á rökhusun, skipulag, sjálfstæði, gagnrýna hugsun og áræðni.
- sjálfstæð, skapandi viðfangsefni þar sem áhersla er lögð á frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð, frjóa og skapandi hugsun og hugmyndavinnu.

Áætlun

Efnisþættir	Nám sviðið. Að nemandinn:
Aðferðir	
Áhöld	<input type="checkbox"/> geti þrætt saumavélar
Efnisfræði	<input type="checkbox"/> geti þekkt eiginleika saumavélar
Fjölbreyttni	<input type="checkbox"/> geti unnið eftir leiðbeiningum
Snið	<input type="checkbox"/> geti skreytt eigið textílverk
Uppskriftir	<input type="checkbox"/> geti unnið textílverk til hagnýtingar
Hugmyndir	<input type="checkbox"/> geti komið auga á fegurð í eigin verkum
Ferlar	<input type="checkbox"/> geti notað internetið til að afla upplýsinga
Skreytingar	<input type="checkbox"/> geti áttað sig á náttúru efni og gervi
Hagnýting	<input type="checkbox"/> geti sett textíl í sögulegt samhengi
Fagurfræði	<input type="checkbox"/> geti nýtt gömul textílverk til endurnýtingar
Upplýsingar	<input type="checkbox"/> geti breytt gömlum textíl í nýjan
Hráefni	<input type="checkbox"/> þekki hvernig íslenskir þjóðbúningar líta út
Saga	<input type="checkbox"/> þekki feril íslenskrar ullar
Sjálfbærni	
Náttúra	
Gervi	
Samfélag	
Endurnýting	

Námsmat

Lokamat byggir á vinnusemi, jákvæðni, áhuga, framkomu og hvernig nemandi gengur að fylgja fyrirætlunum. Stuðst er við leiðsagnarmat og símat.

Myndmennt

Tímafjöldi á viku: 2 kennslustundir á viku hálfan veturinn.

Kennari: Ragnhildur Róbertsdóttir

Námsefni

Notað er efni frá kennara. Einnig valdir kaflar úr bókunum *Myndmennt 1 og 2*, höfundar Anna Cynthia Leplar, Katrín Briem, Margrét Friðbergisdóttir og Sólveig Helga Jónsdóttir og *Listasaga frá hellalist til 1900*, höfundar Halldór Björn Runólfsson og Ingimar Waage, útgefið af Námsgagnastofnun. Ásamt þessu notum við ýmsar listaverkabækur, netsíður (t.d. Listavefurinn.is), barna- og fræðibækur við vinnu okkar.

Kennsluaðferðir

Í einni kennslustund eru notaðar ýmsar kennsluaðferðir. Við innlögð verkefna er notast við útlistunarkennslu og einnig umræður og spurnaraðferð. Þegar kemur að verklegum æfingum er notast við leitaraðferð við hugmyndavinnu en einnig notuð bein kennsla með áherslur á að virkja skapandi hugsun og sjálfstæð vinnubrögð. Í samstarfi við heimilisfræðina er farið einu sinni á önn í útinám með áherslur á samveru, skynjun og næringu. Spjaldtölvur eru notaðar í hugmyndavinnu og við úrvinnslu sumra verkefna.

Áætlun

Efnisþættir	Námsviðmið Nemandinn:
Sköpun Skoðanir Tilfinningar Reynsla Hugmynd Listsköpun Hugmyndavinna Ímyndun Rannsókn Hugtök Aðferðir Samtal Stefnur Stílar Greining Myndmál Tilgangur Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"> • geti á skipulagðan hátt unnið með ólík efni og verkfæri við sköpun sína • geti unnið með ólíkar aðferðir við myndsköpun sína • geti sýnt ólíkar tilfinningar í myndgerð sinni • geti komið hugmynd sinni í skissuform á leið sinni í að útfæra lokaverk • geti unnið með ímyndun og reynslu við listsköpun sína • geti notað hugtök og heiti í samtölum sínum við vinnu sína • geti tekið þátt í samtali um ólíkar stefnum og stíla í tengslum við verkefni

Námsmat

Námsmat er byggt á hæfniviðmiðum aðalnámskrá grunnskólanna. Símat allt námstímabilið. Lokamat byggir á hvernig nemandinn fylgir fyrirmælum, hvernig færni hans og leikni er, hvort hann sýni áhuga á náminu og vinnusemi í tímum. Verkefni nemenda eru metin hvort þau séu vel unnin, vel útfærð, frumleg og metnaðarfull.

Hönnun og smíði

Tímafjöldi á viku: 2 (hálfan veturinn)

Kennari: Davíð Ketilsson

Námsefni

Verkefna og hugmyndablöð, fagbækur, handverkfæri, mælitæki, smíðæfni og efni til yfirborðsmeðhöndlunar.

Kennsluaðferðir

Stuttar innlagnir fyrir hóp eða einstakling, sýnikennsla. Kennslan er einstaklingsmiðuð.

Áætlun

Efnisþættir	Námsviðmið Nemandinn:
Hönnun Tré Málmur Plast Efnisfræði Handverkfæri Efnisnýting Meðferð yfirborðsefna Umgengni	<ul style="list-style-type: none">• geti greint þarfir í umhverfi sínu, rætt mögulegar lausnir og útfærslu að verkefni• geti dregið upp málsetta mynd af smíðisgrip og unnið eftir henni• þekki helstu smíðæfni, uppruna og notagildi þeirra• geti valið og notað á réttan hátt vélar, handverkfæri og mælitæki sem hæfa hverju verkefni• geti valið samsetningar og yfirborðsmeðferð við hæfi• geti hannað og smíðað verkefni sem nýtir orkugjafa og lýst því hvaða virkniþættir eru að verki í ýmsum hlutum• verði meðvitaður um hættuleg efni, efnisnýtingu og endurvinnslu• geti útskýrt réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað• geti sýnt vinnufélögum tillitsemi og sé meðvitaður um góða umgengni

Námsmat

Símat með áherslu á: Hugmynd og hönnun, iðni og afköst, umgengni og hegðun, verkfærni og vandvirkni. Gefið er í bókstöfum.

Heimilisfræði

Tímafjöldi : 80 mínútur á viku hver hópur hálfan veturinn.

Kennari: Erla Sigurbjartsdóttir.

Námsefni

7. bekkur: Heilsa og lífstíll sem er vinnuhefti sem kennari tók saman. Þar er farið í helstu þætti næringarfræðinnar, 6 H heilsunnar, fæðuhringinn og almennan lífstíl.

Kennsluaðferðir

Kennari útskýrir fyrir nemendum í upphafi tímans verkefni dagsins og fer yfir það á töflu og skjávarpa þar sem uppskrift er. Nemendum er síðan skipt í hópa þar sem þeir vinna saman 2 – 4 í hóp en það fer eftir hvert verkefnið er. Ef vinna á í vinnubók líka fer kennari yfir þær blaðsíður og útskýrir fyrir nemendum.

Nemendur byrja að vinna, kennari gengur á milli hópa og aðstoðar og útskýrir eftir þörfum.

Áætlun

Efnisþættir	Námsviðmið Nemandinn:
Heilsa og lífstíll	<ul style="list-style-type: none">• fræðist um að svefn, hreyfing og mataræði séu mikilvægir þættir í heilbrigðum lífsstíl• þekki flokka fæðuhingsins og mikilvægi þeirra• Nemandi þekki orkuefnin 3 sem eru fita, kolvetni og prótein og hlutverk þeirra• þekki helstu vítamínin og skiptingu þeirra í vatnsleysanleg og fituleysanleg• læri að að verkaskipting á heimilum er nauðsynleg• læri og þekki til umgengi í eldhúsi, frágangur og uppvask.• lærir hvað sé góður uppþvottur og hvernig verklag er á honum• lærir um tiltekt í eigin herbergi• þjálfist í að þekkja helstu hráefni sem notuð eru í bakstri og við eldamennsku
Fæðuhringurinn	
Næringarfræði	
Hreinlæti/tiltekt	
Helstu hráefni	
Læsi á uppskriftir	
Áhöld/mælitæki	
Vinnubrögð/leikni	
Samvinna	
Slyshætta og öryggisatriði	
heimila	
Upplýsingamiðlar	
Flokkun	
Matarmenning	

	<ul style="list-style-type: none">• þjálfist í að lesa uppskriftir af blaði og geti minnkað og stækkað uppskriftir• þekki helstu áhöld og mælitæki sem notuð eru við eldhússtörf• þjálfist í að flysja, rífa, saxa, skera og sjóða• þjálfist í að vinna sjálfstætt við verkefni• lærir að vinna með öðrum og að samvinna sé mikilvæg• lærir um helstu hættur á heimilum og hvernig koma má í veg fyrir slys á heimilum• lærir að lesa úr næringarefnatöflu• lærir hvernig á flokka sorp• fræðist um flokkun• fræðist um lífræna flokkun• lærir að temja sér góða borðsiði
--	---

Námsmat

Námsmat er byggt á hæfniviðmiðum úr Aðalnámskrá grunnskólanna. Einnig eru vinnusemi og vinnubrögð ásamt frágangi og framkomu metin.